

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Bergþóri Ólasyni um kostnað við framkvæmdir við Landspítala við Hringbraut.

Svarið byggist á upplýsingum sem ráðuneytið aflaði frá félaginu NLSH ohf. sem stofnað var með lögum árið 2010 til þess að hafa umsjón með byggingu nýs Landspítala fyrir hönd ríkisins. Byggjast þær á ársreikningum félagsins fyrir fyrri ár og nýlegri uppfærslu á heildaráætlun um verkefnið á komandi árum, sem stýrihópur um skipulag framkvæmda við Landspítala og annarra sérhæfðra sjúkrahúsa birti í júní sl. Nánari umfjöllun um heildaráætlunina er að finna í skýrslu stýrihópsins sem liggur fyrir á vefsetri félagsins.<sup>1</sup>

#### 1. Hver er áætlaður heildarkostnaður við áformaðar framkvæmdir við Landspítala við Hringbraut?

Samkvæmt heildaráætlun Nýja Landspítala ohf. (NLSH ohf.) um framkvæmdir við Landspítala er áætlaður kostnaður við framkvæmdir við Hringbraut eftirfarandi:

Hringbrautarverkefnið	2010-2023 áfallið	2024-2030	Samtals	Skýring
Meðferðarkjarni	22.126	50.051	72.177	1)
Rannsóknahús	1.643	18.792	20.435	2)
Stofnkerfi	1.277	7.808	9.086	3)
Bílastæðahús	2.641	3.044	5.686	4)
Heildarverkefni I	4.703	2.054	6.757	5)
Bílakjallari	841	1.641	2.482	6)
Verkefnum lokið	7.413		7.413	7)
<b>Samtals Hringbrautarverkefnið</b>	<b>40.644</b>	<b>83.392</b>	<b>124.036</b>	
<b>Önnur verkefni NLSH</b>				
Tæki og búnaður	93	25.913	26.005	8)
Þróunarverkefni	193	8.342	8.535	9)
Upplýsingatækni	4	3.111	3.115	10)
Heildarverkefni II		909	909	5)
<b>Samtals önnur verkefni NLSH</b>	<b>290</b>	<b>38.275</b>	<b>38.565</b>	

Framangreindar tölur eru í milljónum króna og eru með virðisaukaskatti. Áfallinn kostnaður er á verðlagi hvers árs. Áætlaðar fjárhæðir eru á verðlagi og gengi miðað við febrúar 2024.

Undir „Hringbrautarverkefnið“ falla byggingarverkefni við Hringbraut. „Önnur verkefni NLSH“ eru verkefni sem NLSH ohf. voru falin á árinu 2020, með nýju skipulagi. Þessi verkefni eru m.a.:

- Búnaður og tæki.
- Eldhús, Vörumóttaka – Vöruhús.
- Upplýsingatæknikerfi.
- Tækjakaupamál.

<sup>1</sup> [https://www.nlsh.is/media/byggingar/Heildaraetlun-NLSH-Q1-2024-\\_070624.pdf](https://www.nlsh.is/media/byggingar/Heildaraetlun-NLSH-Q1-2024-_070624.pdf)

- Flokkunarstöð sorps.
- Flutningar í nýtt húsnæði.
- Endurmat eldri bygginga.

Til viðbótar við framangreind verkefni var NLSH ohf. á árunum 2022 og 2023 falið að annast umsjón með byggingu sérhæfðra sjúkrahúsbygginga utan Hringbrautar. Þessi verkefni eru:

- Grensás, um 4.400 m<sup>2</sup> nýbygging.
- Sjúkrahúsið á Akureyri, um 9.200 m<sup>2</sup> nýbygging.

Áætlaður kostnaður við þessi verkefni er eftirfarandi:

Sérhæfð sjúkrahúsverkefni	2010-2023 áfallið	2024-2030	Samtals	Skýring
SAK	9	10.946	10.955	11)
Grensás	203	3.887	4.091	12)
Heildarverkefni III		659	659	5)
<b>Samtals sérhæfð sjúkrahúsverkefni</b>	<b>213</b>	<b>15.492</b>	<b>15.705</b>	

Skýringar við töflur:

- 1) Bygging meðferðarkjarna án tækja og búnaðar.
- 2) Bygging rannsóknahúss án tækja og búnaðar.
- 3) Stofnkerfi taka til ýmissa sameiginlegra kerfa sem tengjast meginbyggingum. Dæmi: Tengingar, sorp- og línkerfi, rörpóstur, varaafll og tæknibúnaður í bílastæða- og tæknihúsi og götur, veitur og lóð.
- 4) Bygging bílastæða- og tæknihúss án varaafllskerfa sem hýst eru í tæknihluta byggingarinnar.
- 5) Rekstur vinnubúða NLSH, starfsmannakostnaður og ýmis aðkeypt sérfræði- og ráðgjafarþjónusta.
- 6) Bygging bílakjallara undir Sóleyjartorgi.
- 7) Sjúkrahótel og fyrsti áfangi í verkefninu götur, veitur og lóð.
- 8) Lækningatæki í meðferðarkjarna og rannsóknabúnaður í rannsóknahúsi auk annars búnaðar.
- 9) Verkefni á frumáætlunarstigi eins og t.d. eldhús, vörumóttaka, flokkunarstöð og flutningar í nýjar byggingar auk annarra þróunarverkefna.
- 10) Hug- og tölvubúnaður í nýjar byggingar, samkvæmt áætlun LSH.
- 11) Nýbygging legudeilda auk dag- og göngudeilda geðþjónustu við Sjúkrahúsið á Akureyri en ekki endurbætur á eldra húsnæði.
- 12) Nýbygging Grensásdeildar en ekki endurbætur á eldra húsnæði.

## 2. Hver er uppsafnaður hönnunarkostnaður verkefnisins og hvernig skiptist hann á verkþætti?

Hönnunarkostnaður helstu verkefna NLSH ohf. er eftirfarandi:

Verkefni	Hönnunarkostnaður t.o.m. apríl 2024
Meðferðarkjarni	4.688
Rannsóknahús	1.251
Grensás	336
Bílastæðahús	242
Götur, veitur, lóð	140
Bílakjallari - Sóleyjartorg	131
Tengingar	110
Háspennukerfi	37
Önnur verkefni samtals	152
<b>Samtals</b>	<b>7.087</b>

Kostnaður í framangreindri töflu er í milljónum króna og á verðlagi hvers árs.

*3. Hvenær er áætlað að sjúkrahússtarfsemi geti hafist í nýbyggingum Landspítala?*

Fyrsta nýbygging Landspítala sem tekin var í notkun í þessum fyrsta uppbyggingaráfanga á Hringbraut er sjúkrahótelið sem er 4.300 m<sup>2</sup>, fjórar hæðir og kjallari með 75 herbergjum. Sjúkrahótelið var tekið í notkun í febrúar 2019 og hefur verið rekið af Landspítalanum frá þeim tíma.

Framkvæmdaáætlun NLSH ohf. miðast við að byggingarframkvæmdum í meðferðarkjarna ljúki í árslok 2027 en uppsetningu lækningatækja ljúki á árinu 2028. Miðað við þær áætlanir ætti starfsemi að geta hafist á árinu 2029.

Framkvæmdaáætlun NLSH ohf. miðast við að byggingarframkvæmdum í rannsóknahúsi ljúki í ársbyrjun 2028 en uppsetningu rannsóknatækja ljúki á árinu 2028. Miðað við þær áætlanir ætti starfsemi í því húsi einnig að geta hafist á árinu 2029.